

1862. á Íslandi og borga síðan andvirði þeirra inn í jarðabókarsjóðinn
 11. júlím. svo sem fyr er sagt, þá má senda þau hingað til þess þau verði
 rituð í bækur fjárstjórnarinnar; en þess ber að gæta, að skulda-
 bréfin sèu send stiptamtinu og að það sendi þau svo hingað,
 með þeim ummælum, sem þörf er á í þessu efni.

11. ágúst. 45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna
 á Íslandi, um rétt forstöðumanns prentsmiðjunnar
 til borgunar fyrir eptirlit með aukavinnu.

Samkvæmt úrskurði, er lagður hefir verið á 4. athugasgrein
 við reikning yfir tekjur og gjöld stiptyprentsmiðjunnar árið 1857,
 hefir verið borið undir úrlausn stjórnarráðsins það atriði, að í
 reikningi þessum er talið með gjöldum 7 rd. sem borgun til
 forstöðumanns prentsmiðjunnar fyrir eptirlit hans með þeim verk-
 um, er vinnumenn hennar unnu fyrir hana í frítímum sínum um
 það leyti alþingi var haldið árið 1857.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar,
 og til þess þér kunngjörð það forstöðumanni prentsmiðjunnar,
 Einari Þórðarsyni, að stjórnarráðið ekki getur fallið á, að gjald
 þetta sè látið lenda á sjóði prentsmiðjunnar.

25. ágúst. 46. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungs-
 rikinu Spáni og fara kaupferðir til Íslands og
 Færeyja, sèu undanþegin að greiða 2 rda. auka-
 gjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem á-
 kveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm.
 1856.

Eptir samningi, sem gjörður hefir verið milli konungsríkis-
 ins Danmerkur og konungsríkisins Spánar, eru þau skip, sem
 eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Ís-
 lands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af

hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm. 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar. 1862.
25. ágústm.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

**47. Opið bréf, er löggildir á Íslandi lög 21. janúar-
mánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á
skepnum.** 29. ágústm.

Vér Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að löggilda á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður ekki, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 ríkisdöllum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður¹.

Samkvæmt konungsrúrskurði 4. janúarm. 1861 var lagt fyrir alþingi árið 1861 frumvarp til opins bréfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarm. 1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum; frumvarp þetta, sem ásamt ástæðunum fyrir því er prentað í alþingistíðindunum 1861, viðbæti A, 142.—144. bls., er þannig hljóðandi:

„Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrming á

¹) Mál þetta var í fyrsta skipti rætt á alþingi 1859; sjá bænarskrá alþingis í alp.tíð. þess árs 923. bls. og konunglega auglýsing til alþingis 1. júnim. 1861, II. 16.